

Fimmtudaginn 25. október 1979.

Nr. 158/1979. **Hreppsnefnd Biskupstungnahrepps
f. h. hreppsins**
 gegn
 sóknarnefnd Bræðratungukirkju
 f. h. Bræðratungukirkju
 og
 fjármálaráðherra
 kirkjumálaráðherra og
 landbúnaðarráðherra
 f. h. ríkisins.

Kærumál. Frávísunardómur úr gildi felldur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson og Magnús P. Torfason.

Sóknaraðili hefur með heimild í b lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið hinum kærða dómi til Hæstaréttar með kæru 10. júlí 1979, sem barst Hæstarétti 3. september 1979. Krefst hann þess, að hinum kærða „frávísunardómi sé hrundið og lagt verði fyrir héraðsdóm að dæma um efni málsins“.

Af hálfu varnaraðilja Bræðratungukirkju hafa Hæstarétti eigi borist kröfur eða greinargerð.

Af hálfu ríkisins hefur verið andmælt kröfu Bræðratungukirkju um eignardóm sér til handa fyrir landsvæði því, sem í málinu greinir. Í kærumáli þessu hefur þessi aðili engar kröfur gert, og engar kröfur eru gerðar á hendur honum.

Sóknaraðili hefur hvorki með höfðun eignardómsmáls eftir reglum 220. gr. laga nr. 85/1936 né með höfðun gagnsakar á hendur varnaraðilja Bræðratungukirkju krafist sjálfstæðs dóms fyrir þeim afnotaréttindum, sem hann telur sig eiga að landi því, sem málið fjallar um. Þetta þykir þó ekki skjóta loku fyrir það, að héraðsdómur virði, eftir því sem á það kann að reyna, hvort takmarkaður eignarréttur, sem sóknaraðili telur sig eiga til landsins, standi því í vegi, að

dómkröfur varnaraðilja verði teknar til greina í því horfi, sem þær hafa verið lagðar fyrir dómstóla.

Samkvæmt þessu ber að fella hinn kærða frávísunardóm úr gildi.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði frávísunardómur er úr gildi felldur.

Dómur aukadómpings Árnassýslu 2. júlí 1979.

Tildrög máls þessa eru þau, að með bréfi, dags. 11. sept. 1975, fór lögmaður stefnanda þess á leit við sýslumanninn í Árnassýslu, að gefin yrði út eignardómsstefna með heimild í 220. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði til staðfestingar á eignarrétti stefnanda að landi því, sem nefnist Tunguheiði. Umrætt land er ofan núverandi byggðar í Biskupstungum. Suðurmörk þess eru um svonefnt Brattholtsgil, er gengur niður í Hvítá, skammt norðan við Gullfoss, og síðan bein lína úr gilbotninum í tiltekinn stein við Kjalveg.

Vesturmörkin eru bein lína úr síðastgreindum steini í svonefndan Vegatorfustein, sem er nokkuð austan Kjalvegar, og þaðan bein lína um austurjaðar austustu tjarnarinnar í svokölluðum Réttardælum, allt norður í Sandá.

Að norðan ræður svo Sandá, en Hvítá að austan. Mörk þessi hafa verið dregin inn á uppdrátt, sem liggur frammi í málinu, og eru þau ágreiningslaus.

Á grundvelli ofangreindrar beiðni var gefin út eignardómsstefna hinn 22. október 1975, og var hún birt í Lögbirtingablaði nr. 78 1975, útg. 12. nóvember 1975.

Málið var þingfest hinn 27. janúar 1976, og tóku þá til varna Biskupstungnahreppur og fjármálaráðherra, landbúnaðarráðherra og kirkjumálaráðherra f. h. ríkissjóðs (sic).

Kröfur stefnanda samkvæmt fyrrgreindri eignardómsstefnu eru þær, að viðurkenndur verði eignarréttur stefnanda að landsvæðinu Tunguheiði í Biskupstungum.

Fjármálaráðherra, landbúnaðarráðherra og kirkjumálaráðherra f. h. ríkisins hafa mótmælt því, að stefnukröfurnar verði teknar til greina.

Endanlegar kröfur Biskupstungnahrepps voru við munnlegan málflutning þessar:

„Að hrundið sé kröfu stefnanda, nema því aðeins að jafnframt verði staðfest með dómnum, að eignarrétturinn skerði ekki ítak og óbeinan eignarrétt, sem ábúendur í Biskupstungnahreppi hafa öðlast með hefð til beitar, umferðar- og upprekstrarréttar með búfé. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda.“

Stefnandi styður stefnukröfur sínar í meginatriðum þeim rökum, að Tunguheiði hafi um aldaraðir verið eign kirkjunnar og getið meðal eigna hennar í flestum eða öllum máldögum og vísitásiúm biskupa, sem til séu. Hafi kirkjan greitt lögboðin gjöld af landi þessu. Hins vegar hafi það ekki verið fært í fasteignaskrá Árnassýslu og skorti kirkjuna því lögformlega þinglýsta eignarheimild fyrir því.

Fjármálaráðherra, landbúnaðarráðherra og kirkjumálaráðherra f. h. ríkisins styðja mótmæli sín gegn stefnukröfunum þeim meginrökum í fyrsta lagi, að ríkið sé fullnaðareigandi að bæði Bræðratungujörð og Bræðratungukirkju og að þar með sé ljóst, að ríkið sé eigandi Tunguheiðar, er sé afréttarland. Í öðru lagi sé ríkið undir öllum kringumstæðum „grunneigandi“ þessa afréttarlands, enda þótt ekki yrði fallist á það, að ríkið sé eigandi kirkju og jarðar. Tekið er fram af hálfu ríkisins, að það láti afskiptalaus hefðarafnot Biskupstungnahrepps.

Kröfur sínar um viðurkenningu á upprekstrar- og umferðarrétti byggir Biskupstungnahreppur fyrst og fremst á hefðarreglum.

Framangreind kröfugerð Biskupstungnahrepps felur efnislega í sér þá kröfu, að viðurkennt verði með dómi, að ábúendur í hreppnum eigi upprekstrar- og umferðarrétt að því er tekur til lands þess, sem mál þetta fjallar um og að framan hefur verið lýst. Ekki er þó fullnægt skilyrðum 220. gr. laga nr. 85/1936 fyrir því, að veita megí eignardóm fyrir réttindum þessum, og eigi eru kröfur um viðurkenningu þeirra hafðar uppi með gagnstefnu. Samkvæmt því verður eigi hjá því komist að vísa þessum kröfum frá dómi.

Rétt er, að ákvörðun um málskostnað bíði efnisdóms í málinu.

Dóm þennan kvað upp Páll Hallgrímsson sýslumaður ásamt meðdómsmönnum Sigurði Baldurssyni hestaréttarlögmanni og Gauki Jörundssyni prófessor.

Dómsorð:

Vísað er frá dómi kröfu Biskupstungnahrepps um, að

„hrundið sé kröfu stefnanda, nema því aðeins að jafnframt verði staðfest með dómnum, að eignarrétturinn skerði ekki ítak og óbeinan eignarrétt, sem ábúendur í Biskupstungnahreppi hafa öðlast með hefð til beitar, umferðar- og upp-
rekstrarréttar með búfé“.

Fimmtudaginn 25. október 1979.

Nr. 184/1979. **Eysteinn Georgsson**

gegn

Margréti Völu Grétarsdóttur.

Kærumál. Þinglýsing.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Sóknaraðili hefur með kæru 10. september 1979, sem barst Hæstarétti 11. október 1979, kært til Hæstaréttar þá ákvörðun þinglýsingardómara í Keflavík 6. september 1979 að synja um þinglýsingu á kaupsamningi 10. júlí 1978 milli málsaðilja um fasteignina Kirkjuveg 47 í Keflavík. Gerir hann þær dómkröfur, að bæjarfógetanum í Keflavík verði gert skylt að færa ofangreindan kaupsamning í þinglýsingabók embættisins, að honum verði enn fremur gert skylt að færa áfrýjunarstefnu í hæstaréttarmálinu nr. 155/1979: Eysteinn Georgsson gegn Margréti Völu Grétarsdóttur í þinglýsingabók embættisins og að varnaraðilja verði gert að greiða sér kærumálaskotnað.

Varnaraðili krefst þess, að hin kærða úrlausn þinglýsingardómarans verði staðfest og sóknaraðilja dæmt að greiða honum kærumálaskotnað.

Þinglýsingardómarinn, Símon Ólason, fulltrúi bæjarfógetans í Keflavík, hefur samkv. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 39/1978 sent Hæstarétti greinargerð sína um hina kærðu dómsúrlausn.